

Nd.

57. Framvarp

til laga um breyting á lögum nr. 49, 30. nóv. 1914, um breyting á tilskipun 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

Flutningsmaður: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

3. gr. laga nr. 49, 30. nóv. 1914 (5. gr. tilsk. 20. apríl 1872) orðist svo:

Kosningarrjett hafa allir bæjarbúar, karlar og konur, sem eru 25 ára að aldri þegar kosning fer fram, hafa átt lögheimili í bænum 1 ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi og standa eigi í skuld fyrir sveitarstyrk.

Nú á kjósandi ógreitt útsvar (tekjuskatt) til bæjarsjóðs að nokkru eða öllu leyti, og liðnir eru fullir tveir mánuðir frá gjalddaga skattsins viku áður en kosning fer fram, og skal kjörstjórnin þá strika nafn hans af kjörskránni.

Éf kjósandi, sem þannig hefir verið strikaður út af kjörskránni, sann-

ar fyrir kjörstjórninni tveim dögum fyrir kjördag, að hann hafi þá greitt áður umgetið gjald sitt til bæjarsjóðs, skal kjörstjórnin setja nafn hans á kjörskrá og honum heimilað að neyta kosningarrjettar.

Á sama hátt skal leyfa þeim, sem staðið hafa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, en fullnægja öðrum skilyrðum fyrir kosningarrjetti, að kjósa, ef hann sannar kjörstjórninni tveim dögum fyrir kjördag, að hann hafi greitt skuld sína.

Giftar konur hafa kosningarrjett, þótt þær sjeu eigi tjár síns ráðandi vegna hjónabandsins, ef þær að öðru leyti uppfylla lögmælt skilyrði fyrir kosningarrjetti.

Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefir, sje hann ekki vistráðið hjú. Þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn, eigi heldur foreldrar og börn, nje móðurforeldrar eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra.

Heimilt er og konum jafnan að skorast undan kosningu.

2. gr.

Þau ákvæði gildandi laga, er koma í bága við þessi lög, eru hjér með úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1919.

Greinargerð.

Verði frumvarp það að lögum, er ræðir um bæjargjöld í Reykjavík og nú liggur fyrir þinginu, má búast við því, að allmargir þeir, er þyngst heimili hafa fram að færa, verði ekki útsvarsskyldir til bæjarsjóðs, en af því leiðir samkvæmt gildandi lögum, að þeir missa kosningarrjett sinn í málefnum bæjarins. Fyir því er farið fram á, að útsvar til bæjarsjóðs sje ekki skilyrði fyrir kosningarrjetti, ef að öðru leyti eru uppfyllt skilyrði þau, er sett eru og þar að lúta.

Ákvæðið um að þeir, er ekki hafa staðið skil á útsvari sínu til bæjar-sjóðs, sem fallið er í gjalddaga, sjeu strikaðir út af kjörskrá, virðist nauðsynlegt vegna bæjarsjóðs.

Frumvarp þetta er flutt með vitund og vilja bæjarstjórnar, og er að efni samkvæmt einróma álitu hennar.